

Júlí 2014

Umfang sjávarútvegs á Austfjörðum

**Unnið af Ásgeiri Friðrik Heimissyni
fyrir Austurbrú.**



Skýrsla þessi er unnin í samstarfi við Útvegsmannafélag Austurlands fyrir Austurbrú. Tekur hún til athafnasvæðis sjávarútvegsfyrirtækja á Austfjörðum og annarra fyrirtækja sem teljast til sjávarklasans og eru staðsett á Austfjörðum. Undanfarin ár hefur verið bent á að sjávarútvegur er ekki eins mikilvægur fyrir atvinnulífið á Austfjörðum og áður fyrr vegna tilkomu Alcoa Fjarðaáls. Það vill þó gleymast í umræðunni að þriðja stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins hefur höfuðstöðvar sínar á Austfjörðum ásamt öðrum stórum sjávarútvegsfyrirtækjum. Það er því verðugt rannsóknarefni að greina umfang sjávarútvegs á svæðinu og bera saman við heildarumfang sjávarútvegsins á landsvísu. Ásamt því að meta hlut sjávarútvegs í hagkerfi Austurlands.

Í skýrslunni er lagt mat á heildarumfang sjávarútvegs á Austfjörðum og leitast við að sundurliða hlut sjávarútvegs sem er þar staðsettur. Skýrsla þessi tekur einungis til fiskveiða og fiskvinnslu og þeirrar starfsemi sem tengist sjávarútvegi beint og óbeint.

Skýrsluhöfundur vill þakka þeim Gyðu Þórðardóttur og Stefáni Jansen sérfræðingum Hagstofunnar fyrir þeirra aðstoð við gagnaöflun og hjálp við verkefnið. Þeim Sigurði Jóhannessyni og Sveini Agnarssyni við Háskóla Íslands fyrir þeirra leiðsögn. Einnig ber að þakka þeim Þorsteini Hilmarssyni hjá Fiskistofu og Jóni Þór hjá HB Granda fyrir gagnaöflun og aðra hjálp. Að lokum þakkar skýrsluhöfundur þeim Sindra Karli Sigurðssyni, Axel Ísakssyni, Auði Hauksdóttur, Halldóri U. Snjólaugssyni, Páli Snorrasyni, Ómari Bogasyni og Adolf Guðmundssyni. Sérstakar þakkir fá Sigurður Steinn Einarsson og Smári Geirsson sem hafa verið mér til halds og trausts við verkefnið.

Ásgeir Friðrik Heimisson


1.	Inngangur	4
2.	Grunnatvinnuvegurinn	5
3.	Framlag sjávarútvegs	10
3.1	Beint framlag	11
3.2	Óbeint framlag og eftirspurnaráhrif	13
3.3	Samantekt	16
4.	Sjávarútvegur á Austfjörðum	17
5.	Framlag sjávarútvegs á Austfjörðum	22
5.1	Framleiðni í sjávarútvegi	26
5.2	Óbeint framlag og eftirspurnaráhrif sjávarútvegs á Austfjörðum	31
5.3	Samantekt	34
6.	Niðurstöður	35
7.	Heimildir	37
8.	Viðauki A	38
9.	Viðauki B	43



1. Beint framlag sjávarútvegsfyrirtækja á Austfjörðum árið 2012 var 17% af beinu framlagi sjávarútvegs á landsvísu.
2. Umfang sjávarútvegs á Austfjörðum árið 2012, þegar bein, óbein áhrif og eftirspurnaráhrif eru meðtalin, var 16,7% af heildarumfangi sjávarútvegs það ár.
3. Sjávarútvegur á Austfjörðum var 4,2% af landsframleiðslu árið 2012.
4. Árið 2012 var 36,7% af afla Íslendinga landað á Austfjörðum, þar af 51% af uppsjávaraflanum.
5. Afli sem hlutfall þorskígilda sem landað var á Austfjörðum árið 2012 var 19,7% af heildarafla á landinu.
6. Aflamark sjávarútvegsfyrirtækja á Austfjörðum fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 var 10,7% af úthlutuðu aflamarki í þorskígildum.
7. Útflutningsverðmæti sjávarafurða frá Austfjörðum var u.þ.b. 46 milljarðar sem gerir 17,3% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða árið 2012 og 7,3% af heildar útflutningsverðmæti Íslendinga það ár.
8. Sjávarútvegsfyrirtækin á Austfjörðum borguðu u.þ.b. 4,5 milljarða í opinber gjöld árið 2012, þar af borguðu þau u.þ.b. 9% af tekjusköttum lögaðila á landinu það ár.
9. Niðurstöður benda til þess að verðmætasköpun sé meiri í sjávarútvegi á Austfjörðum en í sjávarútvegi á landsvísu og hefur framleiðni meira en tvöfaldast þar frá árinu 2005 og er hún 15% meiri þar en í sjávarútvegi á landsvísu.
10. Um 620 manns störfuðu beint við sjávarútveg á Austfjörðum árið 2012 sem er 13,2% af störfum á Austfjörðum og nemur það 6,8% af þeim sem störfuðu beint við sjávarútveg í landinu það ár.
11. Í heild voru 3.400 til 4.700 störf í íslenska hagkerfinu vegna starfsemi sjávarútvegs á Austfjörðum árið 2012.



Engum blöðum er um það að fletta að sjávarútvegur var helsta grunnstoð íslensks efnahagslífs alla 20. öld. Spurningar hafa vaknað nú í seinni tíð hvort sjávarútvegurinn sé enn einn af hornsteinum íslensks atvinnu- og efnahagslífs. Þjóðhagsreikningar sýna að beint framlag sjávarútvegs seinustu 10 ár hefur numið að meðaltali um 9% af vergri landsframleiðslu (VLF á þáttarvirði)¹. Það hefur þó flókt eftir sveiflum í afla og verðmætum og einnig eftir breyttum umsvifum annarra atvinnugreina, eins og mynd 1 sýnir. Atvinnuvegir eins og fjármála- og váttryggingastafsemi og bygginga- og mannvirkjagerð námu að meðaltali 7-8% af landsframleiðslu á sama tímabili.



Mynd 1. Beint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu

Heildarframlag sjávarútvegs til landsframleiðslu er þó mun meira en mælist í beinu framlagi sem birtist í þjóðhagstölum Hagstofunnar. Til viðbótar við beint framlag sjávarútvegs þarf að telja með það óbeina framlag og eftirspurnaráhrifin sem tilkomin eru vegna atvinnugreinarinnar. Skipta má framlagi sjávarútvegs til landsframleiðslu í þrjá hluta.

- I. **Beint framlag:** Sá virðisauki sem myndaður er í sjávarútveginum sjálfum þ.e.a.s. fiskvinnslu og fiskveiðum.²
- II. **Óbeint framlag:** Sá virðisauki sem myndaður er í þeim atvinnuvegum sem sjá sjávarútveginum fyrir þeim aðföngum, vörum og þjónustu, sem hann þarfnast, og einnig þeim atvinnuvegum sem vinna enn frekar úr afurðum hans.
- III. **Eftirspurnaráhrif (margföldunaráhrif):** Sá virðisauki sem myndast í atvinnuveginum í formi launa til starfsfólks sem eykur eftirspurn eftir öðrum vörum og þjónustu í hagkerfinu sem vindur síðan uppá sig og er því einnig hægt að kalla margföldunaráhrif.

Forsenda þess að unnt sé að mæla óbeint framlag og eftirspurnaráhrif sjávarútvegs og mæla þannig, þann virðisauka sem myndast í þeim atvinnuvegum sem sjá sjávarútveginum fyrir aðföngum og þjónustu, er sú að það þarf að vera hægt að skilgreina sjávarútveg sem grunnatvinnuveg og verður það útlistað frekar í næsta kafla.

1 - VLF á þáttarvirði er verg landsframleiðsla þegar búið er að draga frá skatta á framleiðslu og bæta við styrkjum á framleiðslu.

2 - Í þjóðhagsreikningum er aðeins verið að leggja mat á virðisaukann, sem skilgreina má sem summu hreins hagnaðar og rekstrarkostnaðar sem ekki telst aðföng þ.e. laun, afskriftir og vextir.

2. Grunnatvinnuvegurinn

Nauðsynlegt er að hægt sé að skilgreina ákveðinn atvinnuveg sem grunnatvinnuveg áður en óbeint framlag og eftirspurnaráhrif hans eru talin með til landsframleiðslu. Ef það er ekki gert og óbeint framlag og eftirspurnaráhrif allra atvinnuvega eru meðtalin þegar virðisauki er reiknaður væri niðurstaðan margföld landsframleiðsla.

Skilgreina má á grunnatvinnuveg á eftirfarandi hátt: (Ragnar Árnason og fél. 2009).

Grunnatvinnuvegur er atvinnuvegur sem er efnahagslega þýðingameiri á tilteknu landsvæði en umfang hans (þ.e. virðisauki) gefur til kynna í þeim skilningi að aðrir atvinnuvegir eru háðir starfsemi hans en hann er á hinn bóginn ekki háður starfsemi þeirra, a.m.k. ekki í sama mæli.



Þetta má útskýra nánar með dæmi. Hugsum okkur óbyggt land sem er ríkt af náttúruauðlindum t.d. fiskimiðum eða verðmætum jarðefnum. Einnig að til sé tækni og þekking til að nýta þessa ákveðnar auðlindir. Fjármagn og vinnuafl flyst á svæðið og til verður atvinnuvegur sem byggir á þessari auðlind og því hægt að skilgreina þessa atvinnustarfsemi sem grunnatvinnuveg. Í kjölfarið verða til aðrir atvinnuvegir sem munu þjóna grunnatvinnuveginum og starfsmönnum hans. Sumir þessara atvinnuvega munu sjá grunnatvinnuveginum fyrir aðföngum og þjónustu og aðrir sjá um að sinna eftirspurn starfsmanna eftir vörum og þjónustu. Þessir nýju atvinnuvegir þurfa einnig fjármagn og vinnuafl og því verða til margföldunaráhrif. Það getur einnig gerst að umfang þessarar afleidda starfsemi verði meira en umfang grunnatvinnuvegarins. Kjarni þessa dæmis er sá að þessi afleidda starfsemi er tilkomin vegna starfsemi grunnatvinnuvegarins og án hans hefði hún ekki orðið til.

Hverfi grunnatvinnuvegurinn, t.d. vegna hruns fiskistofna eða þegar verðmæt jarðefni klárast, þá er mikil hætta á því að hin afleidda starfsemi leggist líka af eða verulega dragi úr henni. Hið sama gerist hins vegar ekki í grunngreininni ef starfsemi afleiddrar atvinnugreinar eða þjónustu leggst af. Hún er ekki háð öðrum atvinnugreinum á svæðinu. Segjum sem svo að kvikmyndahús loki þá mun fólk líklega færa sín viðskipti til svipaðrar afþreyingar ef hún er til staðar og myndu því áhrifin ekki verða jafn keðjuverkandi.


Ragnar Árnason og Sveinn Agnarsson (2006) hafa vakið athygli á að líta megi á sjávarútveginn á Íslandi sem grunnatvinnuveg þar sem tölfraeðiprófum var beitt til að komast að þeirri niðurstöðu og verður sú aðferðafræði ekki útlistuð hér nánar. Þeir hafa jafnframt rökstutt að heildarframlag sjávarútvegs til landsframleiðslu sé mun meira en þjóðhagsreikningar gefa til kynna. Enn fremur hafa þeir sýnt fram á að sjávarútvegurinn hefur mun meiri áhrif á aðra atvinnuvegi hér á landsvísi en aðrir veigamiklir atvinnuvegir. Þegar umsvif sjávarútvegs minnka eða aukast hefur það mun meiri afgerandi áhrif á landsframleiðslu en þegar umsvif annarra atvinnuvega taka breytingum.

Eins og rakið var hér að framan er sjávarútvegur á Íslandi grunnatvinnuvegur sem mest allt efnahagslífið reiðir sig á. Beint framlag hans til landsframleiðslu segir því ekki söguna nema að hluta til. Mikilvægt er að skoða óbeint framlag og eftirspurnaráhrif hans svo hægt sé að meta heildarframlag hans til landsframleiðslu. Þessi beinu og óbeinu áhrif, auk eftirspurnaráhrifa, eða þetta heildarumfang sjávarútvegs er einfaldara að kalla „sjávarklasann“ og verður svo gert hér í framhaldi.

Með hugtakinu sjávarklasi er átt við þá klasamyndun sem vex í kringum grunnatvinnuvegin. Fyrirtæki innan klasans tengjast hvert öðru með ýmsum hætti og styðja hvert annað með ýmskonar uppbyggingu á mannauði, tækni og tæknibúnaði sem nýtist klasanum og einnig út fyrir hann.

Dæmi um þá atvinnuvegi sem sjá sjávarútveginum fyrir aðföngum og þjónustu eru eftirfarandi:

- i. Umbúðariðnaður: Samhentir og Oddi.
- ii. Veiðafæragerð: Hampiðjan.
- iii. Umboðsverslun: Iceland Seafood.
- iv. Vélasmíði af ýmsu tagi: Marel.
- v. Málmiðnaður: Fyrirtæki sem sjá um viðhald á veiðiskipum og fiskvinnsluhúsum og búnaði. Dæmi: Ýmis vélaverkstæði í kringum landið
- vi. Stjórnsýsla: Starfsemi hins opinbera eru leyfisveitendur, eftirlitsaðilar og ráðuneytin. Dæmi: Hafnir, Hafrannsóknarstofnun, Íslandsstofa, háskólar, Matís, MAST, LÍÚ.



Mynd 2: Sjávarklasinn

2. Grunnatvinnuvegurinn

Lýsa má hugmyndinni um sjávarklasann á einfaldri mynd. Á mynd 2 á síðu 6 sjáum við kjarna með tveim ytri hringjum fyrir utan hann. Kjarninn er sjálfur sjávarútvegurinn, þ.e. veiðar og vinnsla. Aðrir atvinnuvegir, þ.e. þeir sem útvega aðföng og þjónustu, liggja þar utar og myndast þeir fyrst og fremst vegna tilveru sjávarútvegsins.

Gúmmí- og plastvöruframleiðsla

- Gúmmí- og plastvöruframleiðsla er veigamikill þáttur í gerð á veiðarfærum, umbúðum, ílátum og kera af ýmsu tagi.

Sérhæfð þjónusta

- Sérhæfð þjónusta getur verið allt frá tæknilegri ráðgjafþjónustu til ýmiskonar fjármálaþjónustu.

Vélaleiga

- Tengist skipasmíðum, fiskveiðum og fiskvinnslu vegna viðhalds á fiskiskipum og vinnslulínunum. Margvíslegum sérhæfum tækum hefur verið safnað saman og leigja svo fyrirtækin þessi tæki út.

Efnaiðnaður

- Sú starfsemi sem lýtur að því að fá sem hæst skilaverð fyrir sjávarútvegsfyrirtækja.

Rannsóknir og þróun

- Mikil rannsóknir og þróunarstarfsemi fer fram í tengslum við sjávarútveginn sem beinist fyrst og fremst að sérhæfum verkefnum fyrir fyrirtæki að endurbæta veiðafæri og vinnslulínur, þróa nýjar afurðategundir og markaðsetja fiskafurðir á sem hagkvæmasta hátt. Einnig fer þetta fram í rannsóknum líkt og þessari á hagkvæmni fiskveiða og vinnslu.

Orkuveitur

- Sjávarútvegurinn krefst mikillar orku í tengslum við framleiðslu á sjávarafurðum í formi rafmagns og brennanlegs eldsneytis

Flutningar

- Sjávarútvegurinn krefst umtalsverðar samgönguþjónustu vegna flutninga á fiskafurðum og aðföngum.

Þeir atvinnuvegir sem eru í innri hringnum byggja beint á sjávarútvegi en þetta eru atvinnugreinar eins og veiðafæragerð, umbúðaiðnaður, umboðsverslun, málm-iðnaður, vélsmíði og stjórnsýsla. Þessir atvinnuvegir hafa fyrst og fremst myndast til að sinna aðfanga- og þjónustueftirspurn sjávarútvegsins eða vegna stjórnsýslu. Í ysta hringnum eru þeir atvinnuvegir sem eru laustengdari sjávarútveginum en teljast samt með í þeirri klasamyndun sem hefur myndast í kringum sjávarútveginn. Þetta eru atvinnuvegir eins og gúmmí- og plastvöruframleiðsla, sérhæfð þjónusta, vélaleiga, efnaiðnaður, rannsóknir og þróun, orkuveitur og flutningastarfsemi. Starfsemi þeirra er nánar lýst á mynd 3.

Mikilvægt er að átta sig á því að þeir atvinnuvegir sem eru í hringjunum tveim þjóna ekki einungis sjávarútvegsfyrirtækjunum heldur einnig öðrum atvinnuvegum sem ekki teljast til sjávarklasans.

Þeir atvinnuvegir sem hér hafa verið taldir upp gegna einnig því hlutverki að sinna eftirspurn hvors annars eftir aðföngum og þjónustu. Hægt er að nefna málmsmíðar, sem eru í miklum viðskiptum við vélaleigur. Gúmmí- og plastvöruframleiðsla sem starfar mjög náið með bæði umbúðaiðnaði og veiðarfæragerð. Efnaiðnaður styður svo við alla þessa atvinnuvegi og hjálpar þeim að hámarka skilaverð afurða sinna. Allir þessir atvinnuvegir tengjast svo saman með flutningastarfsemi og sérhæfðri þjónustu. Svo mætti lengi telja.

Mynd 3. Starfsemi atvinnuvega í ysta hring

2. Grunnatvinnuvegurinn

Þegar mat er lagt á hlutdeild sjávarútvegs í heildarveltu þessara atvinnuvega er hægt að meta hlutdeildina á milli 1-50% af veltu þeirra. Þetta má útskýra nánar.

Textíliðnaður er sú atvinnugrein sem er mest háð sjávarútveginum en yfir helming af heildarveltu hans má rekja til sjávarútvegs eða 51%. Undir textíliðnað fellur netagerð og ýmis veiðafærþjónusta.

U.þ.b. 29% af tekjum málmsmíða og viðgerða koma frá viðskiptum við sjávarútveginn, en undir hann felur almenn málmpjónusta, blikksmíði og viðhald á tækjum. Ekki var unnt að sundurliða nánar undir hvaða atvinnugrein hver af þessum þáttum í viðhaldi flokkast hvort sem það var blikksmíði eða almenn málmpjónusta.

Næst kemur blönduð heildverslun sem fær u.þ.b. 21% af sínum tekjum frá sjávarútvegi. Undir þessa atvinnugrein flokkast fyrirtæki eins og Samhentir, Saltkaup og Oddi en þau fyrirtæki sjá sjávarútveginum fyrir umbúðum.

Heildverslun með fast, fljótandi og loftkennt eldsneyti fær u.þ.b. 16% af sinni veltu frá sjávarútvegi. Undir þessa atvinnugrein flokkast öll olíu- og eldsneytiskaup landsmanna og sést að sjávarútvegurinn á drjúgan þátt í þeim.

Um 13% af veltu fjármálaþjónustu og váttryggingastarfsemi kemur frá sjávarútvegi, fyrst og fremst vegna trygginga á veiðiskipum og frystihúsum.

Um 9% af veltu flutninga á landi og sjó og vöruflutninga með flugi koma frá sjávarútveginum. Hér er þó örugglega um vanmat að ræða þar sem flutningskostnaður greiðist oftast af seljanda eða kaupanda þegar afurðir eru keyptar og eru því innifaldnar í verið og er því flutningskostnaðurinn ekki bókaður sem slíkur í þannig viðskiptum.

Hlutdeild sjávarútvegs af veltu rafmagns-, gas og hitaveita er u.þ.b. 4%, sem mun að öllum líkindum færast í aukana á næstu árum með rafmagnsvæðingu fiskimjölverksmiðja.

Heildverslun með hráefni úr landbúnaði og lifandi dýr fær u.þ.b. 1,3% af sinni veltu frá sjávarútveginum, felast þessi viðskipti fyrst og fremst í sölu á sjávarafurðum.



Í töflu 1 má sjá útlistun á hlutdeild sjávarútvegs í heildarveltu atvinnugreina árið 2012 þar sem tölurnar í sviganum merkja ÍSAT númer atvinnugreina.

Tafla 1.

Hlutdeild sjávarútvegs í heildarveltu atvinnugreina 2012 (Atvinnugrein ÍSAT 2008)

Heiti	Hlutdeild í heildarveltu
Textíliðnaður (13)	51,11%
Málmsmíði og viðgerðir (25, 28, 41, 43)	28,82%
Blönduð heildverslun (46.9)	20,83%
Heildverslun með fast, fljótandi og loftkennt eldsneyti (46.71)	15,68%
Fjármálaþjónusta og váttryggingastarfsemi (64, 65, 66)	13,35%
Flutningar á landi og á sjó og vatnsleiðum (49-50)	9,17%
Vörugæymsla og stoðstarfsemi fyrir flutninga (52)	3,66%
Rafmagns-, gas- og hitaveitur (35-36)	1,27%
Heildverslun með hráefni úr landbúnaði og lifandi dýr (46.38)	

Hlutfall heildarveltu atvinnugreina sem áætlað er að íslenskur sjávarútvegur standi undir

Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

Ekki fengust nægilegar góðar upplýsingar um rekstur sjávarútvegsins til að sundurliða aðfanga- og þjónustukaup hans frekar. Tafla 1 gefur nokkuð góða mynd af aðfanga- og þjónustukaupum hans í þeim atvinnugreinum sem þar eru talin upp, sem samsvara u.þ.b 75% af rekstrargjöldum hans. Við mat á hlutdeild í veltu annarra atvinnugreina er því stuðst við hlutfallstölur fyrri rannsókna á þessu sviði.

Linda B. Bryndísardóttir (2011) og Ragnar Árnason og Þór Sigfússon (2012) gerðu ítarlega úttekt á hlutdeild sjávarútvegs í veltu annarra atvinnugreina sjávarklasans. Samkvæmt niðurstöðum þeirra virðist hlutdeild sjávarútvegs af veltu atvinnuvega í innri hringnum hafa verið á bilinu 15-50% og 1-15% af veltu atvinnuvega í ytri hringnum á mynd 2.



3. Framlag sjávarútvegs

Árið 2012 störfuðu 9.100 manns beint við sjávarútveg sem var 5,4% af starfandi fólki á landsvísi. Það er öllu færri en störfuðu beint við sjávarútveg 10 árum áður en þá störfuðu 10.600 manns í atvinnugreininni. Helstu skýringar á því hvers vegna færri starfa í sjávarútvegi nú en áður er vegna gífurlegra tækniframfara sem hafa átt sér stað seinasta áratuginn. Fækkun í störfum var mest til ársins 2008 en síðan þá hefur störfum fjölgað nokkuð, eins og tafla 2 sýnir. Í töflunni er störfum skipt milli fiskveiða og fiskvinnslu og hefur aukningin fyrst og fremst verið í fiskvinnslu eftir 2008.


Tafla 2. Fjöldi starfsmanna í sjávarútvegi

	Fjöldi starfsmanna í sjávarútvegi									
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Fiskveiðar:	5.100	4.600	5.100	4.600	4.500	4.200	4.700	5.300	5.200	4.900
Fiskvinnsla:	5.500	5.400	4.700	3.800	2.900	3.000	3.200	3.300	3.800	4.200
Samtals:	10.600	10.000	9.800	8.400	7.400	7.200	7.900	8.600	9.000	9.100

Heimild: Hagstofa Íslands

Fjölgun starfa í sjávarútvegi frá 2008 má fyrst og fremst rekja til aukins afla við Íslandsstrendur undanfarin ár. Aflaukningin hefur aðallega verið í uppsjávarafla, eins og loðnu og makríl³. Þetta hefur skilað sér í aukinni eftirspurn eftir vinnuafli og þá fyrst og fremst eftir vinnuafli í fiskvinnslu í landi en uppsjávarvinnsla getur krafist mikils vinnuafls. Störfum hefur fjölgað mest yfir sumartímann og hafa vinnslurnar því þurft að ráða til sín mikið af vinnuafli á sumrin. Sumarlokanir hafa meir og minna lagst af og hafa námsmenn leyst af fastráðið starfsfólk.


Mynd 4 sýnir afla íslenskra skipa í þús. tonna. Ekki hefur veiðst jafn mikið hér við strendur síðan 2005 en þá nam aflinn um 1,6 milljón tonnum en aflinn nam um 1,4 milljón tonnum árið 2012. Eins og myndin sýnir hefur aflaaukning við Íslandsstrendur síðan 2008 verið fyrst og fremst í uppsjávartegundum en veiðar hafa aukist um 25% á uppsjávartegundum um síðan 2006.



Mynd 4. Afli við Íslandsstrendur sýnt í tonnum

3 - Uppsjávarafl er afli þeirra tegunda sem halda sig gjarnan ofarlega í sjó eða síld, loðna, kolmunni, makríl og aðrar hliðstæðar tegundir smáfiska.

Beint framlag sjávarútvegs má finna út frá framleiðsluuppgjöri fiskvinnslu og fiskveiða sem Hagstofa tekur saman í formi virðisauka.




Mynd 5. Beint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu

Eins og mynd 5 sýnir þá hefur beint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu aukist á undanförum árum. Það var lægst árið 2007 og nam þá 6,1% af landsframleiðslu en árið 2012 hafði það aukist í 11%. Ef þessar tölur eru bornar saman við hlutfall annarra atvinnuvega eins og „byggingastarfsemi og mannvirkjagerð“ og „fjármála- og váttryggingastarfsemi“ þá sést að þetta hlutfall er fremur hátt. Hlutdeild byggingageirans var mest árið 2007 og nam hún þá 11,7% af landsframleiðslu en var einungis 4,7% af landsframleiðslu árið 2012. Svipaða sögu er að segja af fjármála- og váttryggingastarfsemi, en hlutdeild hennar af landsframleiðslu var mest árið 2005 og nam hún þá 9,5% en hefur lækkað í 6,5% árið 2012.

Ástæðan fyrir aukinni hlutdeild sjávarútvegs er margþætt. Við gengisfall krónunnar 2008 varð hagur útflutningsgreina meiri. Allar tekjur útflutningsgreina eru í erlendum gjaldmiðlum og fá þær því meira af íslenskum krónum fyrir afurðir sínar vegna lægra gengis krónunnar, jafnvel þó að verið sé að selja þær á sama verði og áður. Atvinnuvegir eins og sjávarútvegurinn njóta því góðs af gengisfallinu og útskýrir það hækkun hlutfalls í landsframleiðslu að hluta til.

Þegar verðvísitölur sjávarafurða eru skoðaðar sést að þær hafa hækkað meira en gengi á SDR.⁴ Hækkunin á verði sjávarafurða, óháð gengisfalli krónunar, útskýrir því einnig aukna hlutdeild sjávarútvegs í landsframleiðslu. Á mynd 6 er hægt að sjá verðvísitölu sjávarafurða og gengi SDR. Eins og sést á myndinni þá hefur vísitala sjávarafurða hækkað meira en gengi SDR og nemur hækkunin á sjávarafurðum 149% síðan 2003 en hækkunin á SDR 78%.



Mynd 6. Verðvísitölur


Frá 2008 hefur fiskafli, aðallega uppsjávarafli, við Íslandsstendur aukist og vegna þess er meira flutt út af sjávarafurðum nú en á árunum 2004-2008, það er ein af mörgum ástæðum herra hlutfalls greinarinnar til landsframleiðslu. Enn önnur ástæða fyrir auknum umsvifum sjávarútvegs er að umsvif annarra atvinnuvega eins og bygginga- og fjármálageirans hefur minnkað til muna frá 2008 en ör vöxtur þeirra á árunum 2004-2008 útskýrir líka minni hluta sjávarútvegs á þeim árum. Þá hækkaði landsframleiðslan hraðar en virðisaukinn sem myndaðist beint í sjávarútveginum en eftir 2008 hefur þessi þróun snúist við. Aukin umsvif annarra atvinnuvega minnkaði þannig hlutfall sjávarútvegs til landsframleiðslu á þeim árum. Árin 2004-2008 var mikil bóla í fjármála- og byggingageiranum og umsvif þeirra mikil. Vöxtur landsframleiðslunnar var mikill og mældist þá mun meiri virðisauki í þeim greinum heldur en myndaðist í sjávarútveginum.

4 - SDR er reiknað út frá gengi tiltekinnar körfu þeirra gjaldmiðla sem helst eru notaðir í milliríkjaviðskiptum.

Í gögnum Hagstofunnar er ekki að finna talnaefni sem sýnir með beinum hætti óbeint framlag sjávarútvegsins heldur þarf að reikna það út frá gögnum þaðan. Til þess að áætla þetta framlag eru notaðar tölur um viðskipti sjávarútvegsfyrirtækja við þá atvinnuvegi sem taldir voru upp hér fyrr í kafla um grunnatvinnuvegin og þannig reynt að leggja mat á þann virðisauka sem myndast í þeim. Sem fyrr segir er átt við þau aðföng og þjónustu sem sjávarútvegurinn þarf og birtist í formi virðisauka. Forsenda þessa mats er sú að sá virðisauki af viðskiptum við sjávarútvegin sé sá sami og í öðrum viðskiptum greinanna að jafnaði.

Á mynd 7 má sjá hvernig óbeint framlag sjávarútvegs hefur þróast undanfarin ár. Óbeina framlagið hefur að meðaltali verið 6,5% af landsframleiðslu undanfarin áratug. Hlutfall óbeina framlagsins af landsframleiðslu var 7,2% árið 2012 en fór hæst árið 2004 og mældist þá 8,1%. Óbeint framlag sjávarútvegs var nokkuð hátt fram til ársins 2004 eða 6,5% til 8% af landsframleiðslu. Mikið var veitt af uppsjávarfiski á þessum árum og voru umsvif sjávarútvegs almennt meiri þá. Síðan dró mjög úr umsvifum sjávarútvegs vegna minni veiði á uppsjávarfiski og einnig vegna meiri umsvifa annarra atvinnuvega eins og áður segir. Það útskýrir að hluta til lækkunina sem átti sér stað á árunum 2005-2008.

Frá 2008 hefur sjávarútvegsstarfsemi aukist mjög mikið m.a. með auknum afla sem hefur aukið eftirspurn eftir aðföngum og þjónustu. Samtals var beint- og óbeint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu 18% árið 2012.



Mynd 7. Óbeint framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu

Eins og áður var sagt er framlag sjávarútvegsins ekki eingöngu í formi beins og óbeins framlags heldur þarf einnig að taka tillit til eftirspurnaráhrifa. Með því er átt við þann virðisauka sem sjávarútvegurinn skapar beint og óbeint og birtist í formi launa og hagnaðar og er varið til kaupa á vörum og þjónustu í öðrum greinum hagkerfisins.

Nánar má útskýra þetta með því að taka dæmi um mann sem starfar í sjávarútvegi eða tengdum greinum og fær tiltekin laun. Ver hann þessum launum til kaupa á neysluvörum og þjónustu, greiðir af þeim opinber gjöld og ver svo hluta af þeim í sparnað. Þegar launum er varið í kaup á vörum og þjónustu jafngildir það meiri eftirspurn á tilteknum markaði, sem eykur því og hvetur til aukinnar framleiðslu á vörum. Sá hluti virðisaukans sem varið er í sparnað og opinber gjöld leiðir einnig til aukinnar eftirspurnar innanlands. Hið opinbera ver skatttekjum í kaup á vörum og þjónustu, sparnaðurinn rennur í milligöngu í fjármálakerfinu til fjárfestinga, sem fela einnig í sér kaup á vörum og þjónustu. Skapar því þessi aukna framleiðsla enn meiri laun og hagnað í hagkerfinu.

Ekki liggja fyrir nægjanlegar upplýsingar hvað eftirspurnaráhrifin varðar og engin sjálfstæð rannsókn hefur verið gerð á þeim hér á landi. Nokkur óvissa er á því þegar eftirspurnaráhrif eru metin og þarf að taka niðurstöður á þeim með fyrirvara. Ragnar Árnason og Sveinn Agnarson (2007) hafa rannsakað eftirspurnaráhrifin hvað mest. Þeirra niðurstaða er að góð nálgun sé að reikna eftirspurnaráhrifin sem 40% af beinu og óbeinu framlagi sjávarútvegsins sem svipar mjög mikið til þeirra eftirspurnaráhrifa sem sjávarútvegurinn veldur í Kanada⁵. Hér verður því notast við þennan margfaldara til að reikna eftirspurnaráhrifin þ.e. 40% af beinu og óbeinu framlagi sjávarútvegs.



⁵ - Heimasíða fiskistofu Kanada (<http://www.dfo-mpo.gc.ca/ea-ae/cat1/no1-2/no1-2-appendix3-eng.htm>).

Önnur mikilvæg stærð sem sjávarútvegurinn stendur undir í hagkerfinu er atvinnusköpun. Í töflu 3 er hægt að sjá hversu stórt hlutfall vinnuafls í hagkerfinu starfar í sjávarútvegi og greinum sem tengjast honum beint og óbeint árið 2012.


Tafla 3. Vinnuafl í störfum tengdum sjávarútvegi

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall v. Sjávarútvegs	
			<i>Beint</i>	<i>Óbeint</i>
Landbúnaður	4.800	2,84%		
Fiskveiðar	4.900	2,90%	2,90%	
Fiskiðnaður	4.200	2,49%	2,49%	
Annar iðnaður	16.300	9,64%		2,40%
Veitur	1.100	0,65%		3,28%
Mannvirkjagerð	9.300	5,50%		
Verslun og viðgerðarþjónusta	22.500	13,31%		2,80%
Hótel- og veitingahúsarekstur	8.100	4,79%		
Samgöngur og flutningar	11.700	6,92%		1,88%
Fjármálaþjónusta og tryggingar	7.500	4,44%		2,90%
Fasteignaviðsk. og ýmis þjón.	17.400	10,30%		
Opinber stjórnsýsla	8.900	5,27%		
Fræðslustarfsemi	19.500	11,54%		
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	19.300	11,42%		
Önnur þjónusta og ótilgreind	13.500	7,99%		
Samtals	169.000		5,38%	13,26%

Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

Áhugavert er að sjá að u.þ.b 5,4% starfa í hagkerfinu kemur beint frá sjávarútvegi, en á sama tíma er hlutdeild hans u.þ.b. 11% af landsframleiðslu. Þetta merkir að framleiðni vinnuafls í sjávarútvegi er mikil og að fjármagnsnotkun er þar einnig mikil. Óbeint framlag sjávarútvegs til atvinnusköpunar árið 2012 var u.þ.b. 13% starfa í hagkerfinu, sem gefur til kynna að sjávarútvegurinn standi í heild undir 18,6% starfa í hagkerfinu það ár. Þetta er í takt við niðurstöður eftir Lindu B. Bryndísardóttur (2011) og Ragnars Árnasonar og Þórs Sigfússonar (2012). Niðurstaða þeirra var að u.þ.b. 15-20% starfa í hagkerfinu séu til komin vegna sjávarútvegs eða 26 þús. til 34 þús. störf.

Samkvæmt niðurstöðum þykir það augljóst að umfang sjávarútvegs er mun meira en framleiðsluuppgjör fiskveiða og fiskvinnslu gefur til kynna. Á mynd 8 eru tekin saman beint- og óbeint framlag auk eftirspurnaáhrifa. Sést að hlutfall sjávarútvegs í VLF hefur farið hækkandi síðustu ár og var það orðið 25,3% af landsframleiðslu árið 2012.



Mynd 8. Heildar umfang sjávarútvegs til landsframleiðslu

Niðurstöðurnar benda einnig til þess að heildarframlag sjávarútvegs til atvinnusköpunar sé u.þ.b. þrefalt hærra en sem nemur beinu framlag hans en árið 2012 störfuðu á milli 26 þús. til 34 þús. manns í störfum tengdum sjávarútveginum beint og óbeint.



4. Sjávarútvegur á Austfjörðum

Hér að framan hefur framlag sjávarútvegs og reyndar sjávarklasans alls til landsframleiðslu á Íslandi verið útskýrð og metin. Hér að neðan er hins vegar tekin til skoðunar starfsemi og umfang sjávarútvegs á Austfjörðum. Úttektin nær til sjávarútvegs á Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Mjóafirði, Neskaupstað, Seyðisfirði, Stöðvarfirði og Vopnafirði og verða þeir firðir héðan í frá nefndir Austfirðir.

Helstu sjávarútvegsfyrirtækin á Austfjörðum eru Brimberg hf., Eskja hf., Gullberg hf., Loðnuvinnslan hf., Síldarvinnslan hf. og auk þess starfrækir HB Grandi hf. næstum alla uppsjávarvinnslu sína á Vopnafirði.

Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað er í dag eitt af stærstu og öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 50 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Fyrirtækið er það stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi. Fyrirtækið starfrækir fullkomið fiskiðjuver þar sem fram fer frysting á bolfiski og uppsjávarfiski. Uppsjávarvinnslan er ein sú fullkomnasta á landinu þar sem hægt er að frysta u.þ.b. 520 tonn af afurðum á sólarhring þegar best lætur. Fyrirtækið starfrækir þrjár vel útbúnar fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur. Verksmiðjan í Neskaupstað getur unnið úr um 1.250 tonnum hráefnis á sólarhring og sú á Seyðisfirði afkastar u.þ.b. 1.100 tonnum hráefnis á sólarhring. Sú þriðja er í Helguvík. Síldarvinnslan gerir út þrjú skip til veiða á uppsjávarfiski, eitt frystiskip og eitt ísfiskskip.


Eskja hf. á Eskifirði er eitt af leiðandi sjávarútvegsfyrirtækjum landsins sem gerir helst út á uppsjávarfisk. Í 70 ár hefur félagið verið kjölfesta atvinnulífs á Eskifirði og starfrækir nú tvö uppsjávarfiskiskip og eitt línuskip. Eskja rekur eina af fullkomnustu fiskimjölsverksmiðju Íslands sem getur unnið úr u.þ.b. 1.000 tonnum hráefnis á sólarhring.

Loðnuvinnslan hf. á Fáskrúðsfirði var stofnuð árið 2001. Loðnuvinnslan er dótturfyrirtæki Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga sem hóf fiskvinnslu og útgerð árið 1954. Loðnuvinnslan rekur fiskimjölverksmiðju sem getur unnið úr u.þ.b. 800 tonnum hráefnis á sólarhring, frystihús fyrir bolfisk og uppsjávarvinnslu og einnig hefur hún aðstöðu fyrir síldarsöltun. Þá gerir fyrirtækið út einn ísfisktogara og eitt uppsjávarfiskiskip.

Gullberg hf. gerir út ísfisktogarann Gullver frá Seyðisfirði og landar hann öllum sínum afla til Brimbergs ehf. Brimberg hóf rekstur fiskvinnslu á Seyðisfirði fyrir 10 árum og er aðal uppistaða rekstursins vinnsla á bolfisktegundum.

4. Sjávarútvegur á Austfjörðum

HB Grandi hf hóf rekstur uppsjávarvinnslu þá bæði til manneldisvinnslu og mjöl og lýsisframleiðslu á Vopnafirði árið 2005. Fyrir þann tíma hafði Tangi hf. útgerð á svæðinu og hefur starfsemi sjávarútvegs alltaf verið kjölfesta í atvinnulífi Vopnfirðinga. Uppsjávarinnsla HB Granda á Vopnafirði er ein sú fullkomnasta á landinu þar sem hægt er að frysta u.þ.b. 400 tonn af afurðum á sólarhring. Einnig er ein af fullkomnustu fiskimjölverksmiðjum Íslands á Vopnafirði þar sem hægt er að vinna úr u.þ.b. 1.150 tonnum hráefnis á sólarhring.



Mynd 9. Flöldi starfa í sjávarútvegi á Austfjörðum

Þegar rýnt er í tölur um fjölda starfólks sem starfar beint við sjávarútveg á Austfjörðum má sjá að hlutfallið hefur verið að meðaltali um 7% af heildarfjölda þeirra sem hafa starfað beint við sjávarútveg á landsvísu undanfarinn áratug og haldist nokkuð stöðugt. Hlutfall þeirra sem starfa beint við sjávarútveg á Austfjörðum er 13-16% af heildarfjölda starfa í öllum atvinnugreinum á svæðinu. Á mynd 9 er hægt að sjá hvernig þessi störf skiptast á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Öruglega er um vanmat á fjölda starfa í fiskveiðum að ræða þar sem ekki fengust nógu haldgóðar upplýsingar um fjölda þeirra sem stunda smábátaútgerð á svæðinu.



© Þorsteinn Eyþórsson 2010

4. Sjávarútvegur á Austfjörðum

Þriðja stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins er á Austfjörðum, en það er Síldarvinnslan hf. sem hefur yfir að ráða 5,3% af úthlutuðu aflamarki á Íslandi fyrir fiskveiðiárið 2013/2014⁶. Eins og áður segir eru önnur öflug sjávarútvegsfyrirtæki á svæðinu en það eru: Eskja hf. Loðnuvinnslan hf., Gullberg hf., Brimberg hf. og HB Grandi. Úthlutað aflamark þessara fyrirtækja síðustu ár, mælt í þorskígildum hefur að meðaltali verið um 9,4% af úthlutuðu aflamarki frá 2005 og hefur það haldist nokkuð stöðugt yfir árin og var 10,7% fyrir árið 2012⁷. Í þessum útreikningum er ekki tekið tillit til aflamarks HB Granda en að meðaltali hefur síðustu ár verið landað 2,3% af afla landsins í vinnslu þeirra á Vopnafirði. Því væri mögulega hægt að bæta við þá tölu sem hér er notast við en það var ekki gert til þess að flækja ekki útrekninga um of. Tafla 4 útlistar frekar úthlutað aflamark þessara útgerða fyrir fiskveiðiárin 2004/05 til 2012/13.

Tafla 4. Úthlutað aflamark sjávarútvegsfyrirtækja á Austfjörðum

Úthlutað aflamark sjávarútvegs á Austfjörðum									
	2004/05	2005/06	2006/07	2007/08	2008/09	2009/10	2010/11	2011/12	2012/13
SVN:	16.827	14.991	20.193	12.751	9.518	17.587	21.178	17.651	20.886
Eskja:	13.350	11.908	14.064	10.276	6.637	10.964	12.803	12.049	14.266
LVF:	4.593	5.194	4.989	3.975	3.006	3.862	4.332	4.588	6.314
Gullberg:	2.275	2.449	2.803	2.250	2.066	2.168	2.215	2.527	2.965
Annað:	2.018	1.985	2.233	1.763	1.471	1.673	1.827	1.827	2.036
Samtals:	39.063	36.527	44.282	31.015	22.698	36.255	42.354	38.642	46.467
Heildaraflamark:	429.260	422.282	475.133	375.036	313.076	356.054	388.648	388.742	433.092
Hlutfall af heildaraflamarki:	9,10%	8,65%	9,32%	8,27%	7,25%	10,18%	10,90%	9,94%	10,73%

Í þorskígildum sýnt í þús. tonna

Heimild: Fiskistofa og eigin útreikningar

Athuga verður að aflamarkstölur geta breyst við breytt heildaraflamark einstakra fisktegunda og við breytingar sem gerðar eru á þorskígildisstuðlum. Að auki geta breytingar í úthlutuðu aflamarki byggt á því að útgerð hafi keypt eða selt aflahlutdeildir.

Tölur um landaðan afla á Austfjörðum í tonnum talið segja allt aðra sögu en kemur fram í töflu 4. Hluttur hafna á Austfjörðum er mun meiri en sem nemur úthlutuðu aflamarki fyrirtækjanna á svæðinu og var árið 2012 landað þar 36,8% af þeim afla sem landað var á Íslandi í tonnum talið. Til samanburðar þá var 15,9% alls afla landað í Vestmannaeyjum og 10,7% í Faxaflóahöfnum það ár. Þegar þessar tölur eru umreiknaðar í þorskígildi þá er hlutfallið fyrir Austfirði 19,7% og 11,7% fyrir Vestmannaeyjar og 17,1% fyrir Faxaflóahafnir. Skýringarnar á þessum mikla mun á afla í tonnum talið og þorskígildum eru nokkuð margþættar.

6 - Fiskveiðiár eru frá 1. september hvers árs til 31. ágúst hvers árs.

7 - Þorskígildisstuðull er tala sem notuð er til að ákveða aflaverðmæti allra tegunda gagnvart aflaverðmæti þorsks. Við ákvörðun á stuðlinum er meðalverð á tegund sem verið er að ákveða deilt í meðalverð þorsks á árinu. Þorskígildistuðlar hvers árs eru því miðaðir við aflaverðmæti fisktegundar uppúr sjó.

4. Sjávarútvegur á Austfjörðum

Ein ástæða á þessum mun fyrir Austfirði er að þar landa mörg skip sem ekki eru í eigu útgerðanna á svæðinu, ber helst að nefna í því samhengi Vilhelm Þorsteinsson EA-11 og Kristínu EA-410 sem eru í eigu Samherja hf. og er síðara nefnda skipið það stærsta í eigu Íslendinga. Þessi skip eru að mestu leyti gerð út frá Neskaupstað og landa nær öllum sínum afla þar þegar þau eru við veiðar á Íslandi. Einnig landa tvö skip í eigu hlutdeildarféлага Síldarvinnslunnar hf. afla sínum í Neskaupstað en þau eru Bjarni Ólafsson AK-70 en Síldarvinnslan á 38% hlut í rekstrarfélagi hans og Polar Amaroq en Síldarvinnslan á 1/3 hlut í Polar Pelagic sem rekur skipið. Hákon EA-148 sem er í eigu Gjögurs hf. landar einnig miklu af afla sínum í Neskaupstað ásamt því að Huginn VE-55 landar töluvert á Reyðarfirði. Þá hafa norsk og færeysk loðnuveiðiskip landað á Austfjörðum, helst á Fáskrúðsfirði en einnig á Eskifirði og í Neskaupstað. Síðast og ekki síst má benda á að HB Grandi landar nær öllum sínum uppsjávarafla á Vopnafirði. Öll þessi skip hafa það sameiginlegt að vera uppsjávarskip og er afli þeirra mikill í tonnum. Eins og sjá má á mynd 4 á síðu 10 nema landanir á uppsjávarafla 68% af lönduðum afla á Íslandi árið 2012.


Önnur ástæða þess af hverju það liggur svo mikill munur í lönduðum afla talið í tonnum og þorskígildum fyrir Austfirði og Faxaflóahafnir er að þorskígildisstuðlar miðast við aflaverðmæti fisktegundar upp úr sjó og er verðmæti uppsjávartegunda mun lægra á hvert kíló en verðmæti botnfisktegunda. Þannig var t.d. 51,6% síldarafla, 50% af loðnuafla, 71% af kolmunnaafla og 48% af makrílafla, en einungis 8% þorskafla, 7% af karfa og 6% af grálúðu landað á Austfjörðum árið 2012 sem útskýrir afhverju 36,8% af heildarafla á landinu mælt í tonnum var landað þar árið 2012 en einungis 19,7% af þorskígildum. Ástæða þess að herra hlutfall þorskígilda en afla mælt í tonnum var landað í Faxaflóahöfnum árið 2012 er að þar var landað meira af verðmætum tegundum. Þar var t.d. 9% þorsk-, 46% af karfa- og 44% af grálúðuaflanum landað á umræddu tímabili. Á mynd 10 á næstu síðu má sjá frekari upplýsingar um landaðan afla á Austfjörðum.






Mynd 10 sýnir landaðan afla á Austfjörðum á tímabilinu 2005-2012. Þar sést að langmest er landað af uppsjávarafli. Hlutfall uppsjávarfisks sem landað er á Austfjörðum hefur að meðaltali verið 55% af lönduðum uppsjávarafli á landsvísu en hlutfallið hefur flókt töluvert þar sem veiðar á uppsjávartegundum eru sveiflum háðar.

Þegar aflatölur fyrir Austfirði eru bornar saman við stórar löndunarhafnir á öðrum landssvæðum sést að uppsjávarfiskur hefur langmest vægi þar og var 51% af heildaruppsjávarafli landsins landað þar árið 2012. Til samanburðar var 19,5% af uppsjávarafli landað í Vestmannaeyjum og 6,7% í Faxaflóahöfnum. Mest er landað af botnfiski í Faxaflóahöfnum en 18,5% af botnfiskaflanum var landað þar árið 2012, 8,4% í Vestmannaeyjum og 6,6% á Austfjörðum. Ítarlegri töflur um þetta má finna í viðauka A.



Mynd 10. Austfirðir landaður afli


Gögn um framleiðsluuppgjör sjávarútvegsfyrirtækja á Austfjörðum sýna að hlutdeild þeirra hefur að meðaltali verið 13,5% af beinu framlagi sjávarútvegs á landinu undanfarin ár en var orðið 17% árið 2012. Þetta kemur á óvart þar sem þessi fyrirtæki hafa að meðaltali aðeins verið með 9,4% af úthlutuðu aflamarki seinustu ár en hlutfallið var orðið 11% árið 2012. Þetta bendir til þess að framleiðni sé mikil hjá þessum fyrirtækjum og fari vaxandi með auknu aflamarki en verður það útskýrt nánar seinna í skýrslunni. Beint framlag sjávarútvegs á Austfjörðum má sjá nánar á mynd 11.



Mynd 11. Beint framlag sjávarútvegs á Austfjörðum

Eins og sjá má á mynd 11 þá er stærri hluti virðisaukans komin frá fiskvinnslu og hefur hlutfall hennar verið að meðaltali 57% af virðisauka sjávarútvegs á Austfjörðum síðustu ár. Hlutfallið var orðið 59% árið 2012. Hlutfall fiskvinnslu á landinu öllu á sama tíma var 35%. Útskýringin á þessu háa hlutfalli fiskvinnslu í virðisauka sjávarútvegs á Austfjörðum er meðal annars vegna þeirrar staðreyndar að tvær af fullkomnustu uppsjávarvinnum (manneldisvinnum) Íslands ásamt mörgum öflugum fiskimjölsverksmiðjum eru á svæðinu.

Beint framlag sjávarútvegs á Austfjörðum sem hlutfall af beinu framlagi sjávarútvegs hefur hækkað mjög mikið seinustu ár. Þegar vöxtur virðisaukans er skoðaður á föstu verðlagi ársins 2005 sést að hann hefur vaxið um 163% síðan 2005 en á sama tíma hefur sjávarútvegur á Íslandi vaxið um 67%, ef vöxtur sjávarútvegs á Íslandi er svo skoðaður án hlut Austfjarða þá sést að vöxtur hans er minni eða 55%. Til samanburðar þá hefur sjávarútvegur á Faxaflóahafnarsvæðinu vaxið um 45% og hefur hann því vaxið minna en sjávarútvegur almennt á Íslandi og á Austfjörðum að meðaltali eins og sjá má á mynd 12.




Mynd 12. Vöxtur virðisauka frá 2005-2012 (á föstu verðlagi ársins 2005)

Þegar beint framlag sjávarútvegsfyrirtækjanna á Faxaflóahafnarsvæðinu er skoðað til samanburðar kemur í ljós að hlutdeild þeirra hefur að meðaltali verið 19,5% af beinu framlagi sjávarútvegs en var 19% árið 2012. Það er því aðeins herra hlutfall en á Austfjörðum. Þessar tölur eru nokkuð í samræmi við úthlutað aflamark sjávarútvegsfyrirtækjanna á Faxaflóahafnarsvæðinu. Að meðaltali hefur úthlutað aflamark þessara fyrirtækja verið 16,8% og var hlutfallið orðið 17,3% af úthlutuðu aflamarki árið 2012.




Til þess að útskýra þennan mikla mun á vexti sjávarútvegs milli landshluta er best að skoða verðvísitölu botnfiskafurða, uppsjávarafurða og mjöl og lýsis. Á mynd 13 má sjá verðvísitölu helstu sjávarafurða ásamt gengi SDR.



Mynd 13. Verðvísitölur sjávarafurða

Eins og hefur verið greint frá áður þá byggir sjávarútvegurinn á Austfjörðum fyrst og fremst á uppsjávarveiðum, þá bæði til manneldis og mjöl- og lýsisframleiðslu og hafa fiskimjölsverksmiðjurnar á Austfjörðum tekið á móti að meðaltali 57% af þeim afla sem landaður er til mjöl- og lýsisframleiðslu á Íslandi en hlutfallið var 54% árið 2012. Á mynd 13 sést að verð á uppsjávartegundum og mjöli og lýsi hefur hækkað mjög mikið seinustu ár og ofan á það hafa uppsjávarveiðar aukist eða um 25% síðan 2006. Þessar tvær breytur vega mjög þungt í því að útskýra af hverju vöxtur sjávarútvegs hefur verið eins mikill og raun ber vitni og mun meiri en að meðaltali á landsvísu og Faxaflóahafnarsvæðinu. Sjávarútvegur á Faxaflóahafnarsvæðinu byggir langmest á botnfiskafurðum og eins og mynd 13 sýnir hafa botnfiskafurðir ekki hækkað eins mikið og aðrar tegundir og útskýrir það að hluta til af hverju vöxtur sjávarútvegs þar hefur verið undir meðaltali miðað við sjávarútveg á Íslandi og á Austfjörðum.

Sjávarafurðir hafa mest alla 20. og 21. öld verið ein helsta útflutningsvara Íslendinga og hafa þær numið að meðaltali seinasta áratuginn um 50% af útflutningsverðmætum landsmanna. Á mynd 14 má sjá útflutningsverðmæti sjávarafurða frá Austfjörðum.



Mynd 14. Útflutningsverðmæti sjávarútvegsfyrirtækja á Austfjörðum

Eins og sjá má á mynd 14 hefur útflutningsverðmæti sjávarafurða frá sjávarútvegsfyrirtækjum á Austfjörðum hækkað seinustu ár og er það af sömu ástæðum og hafa verið raktar hér að framan⁸. Útflutningsverðmæti sjávarafurða á Austfjörðum hefur að meðaltali verið um 14% af heildarútflutningsverðmætum sjávarafurða, en var orðið 17% árið 2012 sem er í takt við þá hlutdeild sem sjávarútvegur á Austfjörðum hefur í beinu framlagi sjávarútvegs á landsvísu. Sem hlutfall af heildarútflutningsverðmætum landsmanna hafa sjávarafurðir frá Austfjörðum numið að meðaltali 6% seinustu ár og náði það hlutfall u.þ.b. 7% árið 2012. Þetta hlutfall er hærra en sem nemur hlutfalli sjávarútvegs á Austfjörðum af landsframleiðslu og verður það rakið seinna. Gefur þetta til kynna að sjávarútvegur á Austfjörðum sé mjög mikilvægur Íslendingum í gjaldeyrisköpun.

⁸ - Útflutningsverðmætin miðast við útflutningsverðmæti sjávarútvegsfyrirtækjanna á Austfjörðum ásamt útflutningsverðmætum afla Bjarna Ólafssonar, Hákonar, Hugins, Kristínu, Polar Amaroq og Vilhelms Þorsteinssonar þegar skipin lönduðu afla sínum á þar.

5.1 Framleiðni í sjávarútvegi

Niðurstöður sem hafa verið fengnar hér að ofan benda til þess að framleiðni í sjávarútvegi á Austfjörðum sé meiri en er að meðaltali í sjávarútvegi á Íslandi. Ástæða þess að höfundur heldur þessu fram er að beint framlag sjávarútvegsins á Austfjörðum var t.d. 17% af beinu framlagi sjávarútvegs árið 2012 þó hann hafi aðeins haft u.þ.b. 11% af úthlutaðu aflamarki. Þá var einnig hlutfall þeirra sem starfa við sjávarútveg á Austfjörðum 6,8% af þeim sem starfa beint við sjávarútveg á landsvísu sem er mun lægra hlutfall en það hlutfall sem hann hefur í virðisaukanum frá beinu framlagi sjávarútvegs. Að lokum nam beint framlag sjávarútvegs á Austfjörðum 1,9% af landsframlaiðslu árið 2012 þó svo að einungis 0,4% starfa í hagkerfinu starfi beint við sjávarútveg á Austfjörðum.

Framleiðni er skilgreind sem hlutfall afurða og aðfanga og er mikilvæg forsenda til að auka hagvöxt og hærri raunlaun. Með aukinni framleiðni eykst hagkvæmni í framleiðslu og hægt er að framleiða meiri afurðir fyrir hverja einingu aðfanga. Það leiðir til lífsgæðaaukningar. Aukningin í lífsgæðum kemur t.d. fram í því að fólk fær hærri laun greidd fyrir sömu eða minni vinnu en áður. Til þess að auka framleiðni þarf að auka tæknistig framleiðslunnar og við það verður vinnan auðveldari. Til þess að þetta sé allt hægt þarf að auka arðbæra fjárfestingu. Á árum áður var mikil offjárfesting í sjávarútvegi en mikið hefur dregið úr henni síðan 1990. Einnig krefst aukin tæknivæðing herra menntunarstigs vinnuaflsins til þess að búa til, viðhalda og starfrækja ný tæki. Þessi þróun eykur því eftirspurn eftir menntuðu vinnuafli. Mikilvægt er að átta sig á því að þó að atvinnuþátttaka minnki í þeirri atvinnugrein sem hefur tæknivæðst og aukið framleiðni sína þá þarf það ekki að þýða aukið atvinnuleysi þar sem ný störf myndast í afleiddum greinum hinnar iðn- og tæknivæddu frumgreinar.

Allt það sem hér hefur verið nefnt eru nauðsynlegar forsendur lífsgæðaukningar og hagvaxtar skv. hefðbundnum hagvaxtarfræðum þ.e. aukin fjárfesting, framleiðni og herra menntunarstig mannauðsins en þar sem þetta er ekki skýrsla um hagvöxt verður ekki farið dýpra í þau fræði hér.



Hér er tvíþáttaframleiðni nokkurra atvinnuvega reiknuð. Tvíþáttaframleiðnilíkan notar tvo framleiðsluþætti til að reikna framleiðni þ.e. vinnuafli og fjármagn og ekki er leiðrétt fyrir breytingum í stofnstærð fisktegunda. Hægt er því skv. líkaninu að auka framleiðni tímabundið með því að ganga of hart á fiskistofnana. Til þess að leiðrétta fyrir þessum mæliskekkjum hafa verið þróuð þríþáttaframleiðnilíkön sem gera einnig ráð fyrir fiskistofnum sem aðföngum í framleiðslu. Eins og áður segir þá er hér notað tvíþáttaframleiðnilíkan og því mögulegt að framleiðnitölur fyrir fiskveiðar séu ekki alveg nógu nákvæmar. Samkvæmt eldri rannsóknum sem hafa verið gerðar á framleiðni í fiskveiðum (Ragnar Árnason (2000) og Sveinn Agnarsson (2008)) þá munar ekki miklu á niðurstöðum í tví- og þríþáttaframleiðni og ættu því niðurstöður hér ekki að vera of fjarri lagi.


Í tvíþáttaframleiðnilíkani er framleiðni reiknuð sem afgangsstærð eftir að tekið er tillit til breytinga á notkun fjármagns (K) og vinnuafli (L) aðfanganotkunin er svo vegin með hlut fjármuna (w_K) og vinnuafli (w_L) í vinnsluvirði. Líkanið er eftirfarandi;

$$TbF_t = \ln\left(\frac{Y_t}{Y_{t-1}}\right) - 0,5 (w_{K,t} + w_{K,t-1}) \ln\left(\frac{K_t}{K_{t-1}}\right) - 0,5 (w_{L,t} + w_{L,t-1}) \ln\left(\frac{L_t}{L_{t-1}}\right)$$

Þar sem Y_t er vinnsluvirði á tíma t og Y_{t-1} er vinnsluvirði á tíma $t-1$ þ.e. á tímabilinu á undan t , K_t er fjármagnsnotkun á tíma t og K_{t-1} er fjármagnsnotkun á tíma $t-1$, L_t er vinnuafli notkun á tíma t og L_{t-1} er vinnuafli notkun á $t-1$, $w_{K,t}$ er hlutur fjármagns í vinnsluvirði á tíma t og $w_{K,t-1}$ er hlutur fjármagns í vinnsluvirði á tíma $t-1$, $w_{L,t}$ er hlutur vinnuafli í vinnsluvirði á tíma t og $w_{L,t-1}$ er hlutur vinnuafli í vinnsluvirði á tíma $t-1$.



Framleiðnin var reiknuð fyrir fiskveiðar og fiskvinnslu á Íslandi og svo fyrir fiskveiðar og fiskvinnslu á Austfjörðum auk þess sem framleiðnin í landbúnaði og meðalframleiðni allra atvinnuvega á Íslandi var reiknuð til samanburðar. Niðurstöður úr þessum reikningum sýna breytingar í framleiðni á milli ára. Á mynd 15 má sjá niðurstöður þessa reikninga



Mynd 15. Tvíþáttaframleiðni

Byrjað var að reikna framleiðnibreytingar árið 2005. Árið 2005 er því notað sem grunn ár og allir atvinnuvegir byrja því með sama framleiðnistig á því ári. Framleiðnin hefur vaxið mest í fiskveiðum á Austfjörðum síðan 2005. Fyrst og fremst liggur skýringin á þessum mikla vexti í framleiðni í fiskveiðum á Austfjörðum að mun meira hefur verið fjárfest í fiskveiðum á Austfjörðum en í fiskveiðum á landsvísu og einnig meira en í öðrum atvinnugreinum. Að meðaltali hefur verið fjárfest fyrir 49% af EBITDU fiskveiða á Austfjörðum síðan 2005 á móti því að einungis hefur verið fjárfest að meðaltali 14% af EBITDU fiskveiða á landsvísu⁹. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á skipastól Austfjarða seinustu ár og hafa verið keypt 6 ný skip síðan 2005 og hefur skipaflotinn yngst um 25 ár að meðaltali síðan þá. Enn einnig felst aukningin í framleiðni á herra afurðaverði á uppsjávartegundum og meiri uppsjávarafla frá 2005.

9 - EBITDA er ensk skammstöfun og stendur fyrir Earnings Before Interest, Taxes, Depreciation and Amortization. Með EBITDA er því átt við afkomu fyrirtækja áður en tekið er tillit til vaxtagreiðslna og vaxtatekna, skattgreiðslna og afskrifta (Business news daily, 2013).

5.1 Framleiðni í sjávarútvegi

Framleiðnin í fiskvinnslu á Austfjörðum hefur einnig vaxið mjög mikið síðan 2009 en þá tók hún dýfu niður vegna loðnubrests það ár. Þegar fjárfesting er skoðuð fyrir fiskvinnslu á Austfjörðum kemur í ljós að hún hefur numið að meðaltali 34% af EBITDU fiskvinnslu á Austfjörðum en t.d. er búið að rafmagnsvæða allar fiskmjölverksmiðjur á svæðinu á umræddu tímabili, en á sama tíma þá hefur að meðaltali verið fjárfest fyrir 20% af EBITDU fiskvinnslu á landsvísu. Eins og sjá má á mynd 15 þá er framleiðnistig fiskvinnslu á Austfjörðum aðeins lægra en framleiðslustig fiskvinnslu á Ísland. Skýringin á þessu er nokkuð einföld. Framleiðni fjármagns er 5% minni fyrir fiskvinnslu á Austfjörðum en fyrir fiskvinnslu á Íslandi. Mikið hefur verið fjárfest í fjármunum í fiskvinnslu eins og rakið var hér að ofan og er því hlutur fjármagns mun meiri í framleiðslu fiskvinnslu á Austfjörðum en í fiskvinnslu á Íslandi. Þessi fjárfesting er enn að borga sig og benda niðurstöður til þess að framleiðni fjármagns í fiskvinnslu verði orðin mun meiri en framleiðni fjármagns í fiskvinnslu á Íslandi eftir nokkur ár. Þessi fjárfesting er samt strax farin hafa áhrif á framleiðni vinnuafls í fiskvinnslu á Austfjörðum og var hún 25% meiri þar en framleiðni vinnuafls í fiskvinnslu á Íslandi árið 2012.

Eins og sjá má á mynd 15 hefur framleiðnin í sjávarútvegi vaxið mun hraðar en framleiðni hefur almennt vaxið á Íslandi eða að meðaltali um 17% á ári síðan 2005. Framleiðnin í sjávarútveginum á Austfjörðum hefur vaxið að meðaltali um 20% á ári og hefur framleiðnistigið meira en tvöfaldast þar á umræddu tímabili og er hún 15% meiri á Austfjörðum en hún er fyrir sjávarútveg á landsvísu. Á sama tíma hefur framleiðni á Íslandi vaxið um 8%. Mikilvægt er að benda á að hér er einungis verið að skoða hvernig framleiðnin hefur þróast á Íslandi og í þessum atvinnuvegum síðan 2005 og gæti því munurinn á framleiðni þessara atvinnuvega mögulega verið meiri en niðurstöður gefa til kynna.



5.1 Framleiðni í sjávarútvegi

Eins og útskýrt var hér að framan er framleiðni mjög mikilvæg forsenda lífsgæðaaukningar og hagvaxtar. Því er augljóst að sjávarútvegur á Íslandi á mikinn þátt í hagvexti á Íslandi eftir bankahrun. Erfitt getur reynst að mæla lífsgæði og hvort þau hafi aukist með aukinni framleiðni.

Ef meðallaun á Íslandi eru þó skoðuð á verðlagi ársins 2005 þá sést að meðallaun á Íslandi árið 2012 voru 3,4 milljónir en voru 3,6 milljónir árið 2005. Í fiskveiðum voru meðallaun 7,5 milljónir árið 2012 en voru 5,6 milljónir árið 2005 og 4,4 milljónir í fiskvinnslu árið 2012 en voru 3,7 milljónir árið 2005. Meðallaun í fiskveiðum á Austfjörðum voru 10,1 milljón árið 2012 ár en voru 4,1 milljónir árið 2005 og í fiskvinnslu á Austfjörðum voru meðallaun 4,9 milljónir árið 2012 en voru 3,7 milljónir árið 2005.

Einnig er hægt að benda á að fyrirtæki eins og t.d. Síldarvinnslan hf. hefur tekið uppá því að vera með tvöfaldar áhafnir á skipum sínum. Fá sjómenn þar því hærri laun núna en þeir gerðu fyrir áratug þrátt fyrir að vinna allt að helmingi minna nú. Bendir þetta klárlega til þess að lífsgæði hafi batnað til muna síðan 2005 í sjávarútvegi og þá sérstaklega í sjávarútvegi á Austfjörðum. Einnig er fróðlegt að benda á það að þessi mikla hagræðing í sjávarútvegi fyrir austan hefur ekki aukið atvinnuleysi þar þrátt fyrir að mun færri starfi beint við sjávarútveg þar nú en áður. Ástæða þess er fyrst og fremst tilkoma Alcoa Fjárðaáls, sem hjálpaði mikið til við að gera þá hagræðingu sem átt hefur sér stað mögulega og jafn átakalaus og raun ber vitni.



Eins og útskýrt var hér fyrr í skýrslunni er ekki nægilegt að horfa einungis á beint framlag sjávarútvegs heldur þarf einnig að taka tillit til óbeinu- og eftirspurnaráhrifanna þegar meta á umfang sjávarklasans.

Mikilvægt er að átta sig á því að hægt er að skipta óbeinum áhrifum og eftirspurnaráhrifum í tvennt þegar þau eru metin fyrir Austfirði. Þannig myndast óbeint framlag og eftirspurnaáhrif frá sjávarútvegsfyrirtækjunum á Austfjörðum og til viðbótar í öðrum landshlutum og þá helst á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu eru mörg stór og öflug fyrirtæki sem þjónusta sjávarútveginn og njóta þau góðs af starfsemi sjávarútvegs á Austfjörðum með því að sjá honum fyrir ýmissi þjónustu sem ekki er að finna fyrir austan. Þau fyrirtæki sem helst finna fyrir umfangi sjávarútvegs á Austfjörðum og eru með höfuðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu eru Eimskip, Samskip og Nesskip sem sjá um mest allan flutning fyrir fyrirtækin frá Austfjörðum. Einnig Samhentir, Saltkaup og Oddi sem sjá fyrirtækjunum fyrir þeim umbúðum sem þau þarfnast fyrir afurðir sínar o.s.frv.

Í töflu 5 má sjá skiptingu á heildarveltu þeirra atvinnuvega sem þjóna hvað mest sjávarútveginum á Austfjörðum og hlutdeild gjalda sjávarútvegs á Austfjörðum sem hlutfall af gjöldum sjávarútvegs á landsvísu í þeim atvinnuvegum sem þar eru taldir upp.

Tafla 5.

Hlutdeild sjávarútvegs á Austfjörðum í heildarveltu atvinnugreina 2012 (Atvinnugrein ÍSAT 2008)


Heiti	Hlutdeild í heildarveltu	Hlutdeild í gjöldum sjávarútvegs
Textíliðnaður (13)	8,32%	16,28%
Málmsmíði og viðgerðir (25, 28, 41, 43)	4,78%	16,58%
Blönduð heildverslun (46.9)	1,96%	9,39%
Heildverslun með fast, fljótandi og loftkennt eldsneyti (46.71)	1,91%	12,19%
Fjármálaþjónusta og váttryggingastarfsemi (64, 65, 66)	2,50%	18,70%
Flutningar á landi og á sjó og vatnsleiðum (49-50)	2,13%	23,20%
Vörugemysla og stoðstarfsemi fyrir flutninga (52)		
Rafmagns-, gas- og hitaveitur (35-36)	0,67%	18,41%
Heildverslun með hráefni úr landbúnaði og lifandi dýr (46.38)	0,09%	6,82%

Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

Eins og sjá má í töflu 5 þá fær allur textíliðnaðurinn u.þ.b. 8% af sinni veltu vegna umfangs sjávarútvegs á Austfjörðum. Hlutdeild sjávarútvegs á Austfjörðum af heildargjöldum í textíliðnaðinum (veiðafærum) er u.þ.b. 16% sem er í takt við hlutdeild hans í óbeinu framlagi sjávarútvegs fyrir árið 2012 en nam hún þá 16% af óbeinu framlagi sjávarútvegs.

Það kemur ekki á óvart að flutningskostnaður er sá útgjaldaliður sem sjávarútvegurinn á Austfjörðum hefur hæsta hlutdeild í eða 23%. Helst er að finna skýringar á því í öllum mjöl- og lýsisflutningum sem þar fara fram en eins og áður segir þá kom u.þ.b. 54% af mjöl og lýsisframleiðslu Íslendinga þaðan árið 2012.

Á mynd 16 má svo sjá hvernig óbeint framlag sjávarútvegs á Austfjörðum hefur þróast síðustu ár og hvernig hún skiptist á milli fiskveiða, fiskvinnslu og opinberar stjónsýslu eins og starfsemi Fiskistofu og Hafró.



Mynd 16. Óbeint framlag sjávarútvegs á Austfjörðum

Eins og sjá má á mynd 16 þá hefur óbeint framlag sjávarútvegs á Austfjörðum hækkað seinustu ár og hefur hlutfallið að meðaltali verið 14,5% af óbeinu framlagi sjávarútvegs en hlutfallið var orðið 16% árið 2012. Óbeint framlag sjávarútvegs á Austfjörðum nam 1,1% af landsframleiðslu árið 2012.

Ekki má gleyma þeim eftirspurnaráhrifum sem til verða á svæðinu vegna umfangs sjávarútvegs til dæmis í formi launagreiðsla. Eins og nefnt var fyrr í skýrslunni þá þykir réttast að reikna eftirspurnaráhrifin sem 40% af beinu og óbeinu framlagi sjávarútvegs þar sem það er í takt við margföldunaráhrif sjávarútvegs í Kanada. Það er þó mat höfundar að þetta hlutfall sé vanmat fyrir umfang sjávarútvegs á Austfjörðum og að margföldunaráhrifin séu mun meiri á svæðinu en stuðst var við í útreikningum þar sem sjávarútvegur er mun mikilvægari fyrir atvinnulífið á Austfjörðum en sjávarútvegur er fyrir landið í heild sinni. Ákveðið var þó að vera í lægri mörkum í útreikningum og halda sig við hlutfallið 40%.

Eins og áður segir þá er sjávarútvegurinn mjög mikilvægur íslenska hagkerfinu þegar kemur að atvinnusköpun og skapar hann beint og óbeint á milli 26 þús. til 34 þús. störf í hagkerfinu árið 2012. Í töflu 6 má sjá þau störf sem sjávarútvegurinn á Austfjörðum skapar beint og óbeint árið 2012.

Tafla 6.	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall v. Sjávarútvegs á Austfjörðum	
			Beint	Óbeint
Landbúnaður	4.800	2,84%		
Fiskveiðar	4.900	2,90%	0,16%	
Fiskiðnaður	4.200	2,49%	0,21%	
Annar iðnaður	16.300	9,64%		0,37%
Veitur	1.100	0,65%		0,60%
Mannvirkjagerð	9.300	5,50%		
Verslun og viðgerðarþjónusta	22.500	13,31%		0,34%
Hótel- og veitingahúsarekstur	8.100	4,79%		
Samgöngur og flutningar	11.700	6,92%		0,44%
Fjármálaþjónusta og tryggingar	7.500	4,44%		0,54%
Fasteignaviðsk. og ýmis þjón.	17.400	10,30%		
Opinber stjórnsýsla	8.900	5,27%		0,67%
Fræðslustarfsemi	19.500	11,54%		0,41%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	19.300	11,42%		0,26%
Önnur þjónusta og ótilgreind	13.500	7,99%		
Samtals	169.000		0,37%	3,63%

Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar

Eins og sjá má skapar sjávarútvegur á Austfjörðum um 4% starfa í hagkerfinu eða 3.400 til 4.700 störf og þar af 2.800 til 4.100 störf óbeint. Mikilvægt er að átta sig á því að ekki eru öll þessi störf tilfallandi á Austfjörðum heldur á landinu öllu. Ekki reyndist unnt að reikna fjölda þeirra afleiddra starfa á svæðinu sem verða til vegna umfangs sjávarútvegs þar en það þykir líklegt að 40% til 45% starfa á svæðinu tengist sjávarútvegi beint eða óbeint.

Tafla 7 sýnir þann virðisauka sem sjávarútvegur á Austfjörðum myndar, þ.e. beint- og óbeint framlag hans og eftirspurnaráhrif. Þar sést að hlutdeild sjávarútvegs á Austfjörðum í umfangi sjávarútvegs á landsvísu hefur að jafnaði verið 14% undanfarin ár en var 16,7% árið 2012. Hlutfall þeirrar starfsemi hefur að jafnaði verið 3% af landsframleiðslu síðustu ár en var orðið 4,2% af landsframleiðslu árið 2012.

Starfa nú 618 manns beint við sjávarútveg á Austfjörðum en þegar með eru talin þau störf sem myndast vegna óbeins framlags og eftirspurnaráhrifa eru þau nærri lagi að vera á milli 3.400 til 4.700 störf.

Tafla 7. Umfang sjávarútvegs á Austfjörðum

Umfang sjávarútvegs á Austfjörðum								
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Beint framlag:	6.395	8.307	8.897	13.521	15.026	17.947	24.629	27.753
Óbeint framlag:	6.949	8.528	8.585	12.143	10.305	12.022	12.915	16.573
Eftirspurnaráhrif:	5.338	6.734	6.993	10.266	10.132	11.988	15.018	17.730
Samtals:	18.683	23.569	24.475	35.930	35.464	41.957	52.562	62.056
Hlutfall af heildarframlagi sjávarútvegs:	12,24%	14,11%	14,17%	14,68%	11,56%	13,27%	14,44%	16,64%
Hlutfall af landsframleiðslu:	2,19%	2,39%	2,25%	2,82%	2,69%	3,12%	3,69%	4,20%

Í milljónum kr. á fljótandi verðlagi

Heimild: Hagstofa Ísland og eigin útreikningar

Eins sjá má á töflu 7 þá hefur umfang sjávarútvegs á Austfjörðum vaxið mjög mikið síðustu ár eins og útskýrt hefur verið hér að ofan og hefur framlag hans til landsframleiðslu nær tvöfaldast síðan 2005.



Markmiðið með skýrslunni var að reyna að meta umfang sjávarútvegs á Austfjörðum og komast af því hversu umfangsmikill hann er fyrir hagkerfið í heild sinni og hagkerfi Austurlands.

Af þeim niðurstöðum sem hér eru fengnar má segja að það sem helst komi á óvart er hversu mikið umfang sjávarútvegs á Austfjörðum er. Heildarframlag sjávarútvegs á Austfjörðum árið 2012 er 4,2% af landsframleiðslu þ.e.a.s. þegar beint- og óbeint framlag og eftirspurnaráhrif eru meðtalin. Til samanburðar nam landbúnaður á Íslandi 1,2% af landsframleiðslu, bygginga og mannvirkjagerð 4,7% og rekstur gististaða og veitingareksturs 2,5% árið 2012. Einnig er fróðlegt að bera umfang sjávarútvegs á Austfjörðum saman við umfang sjávarútvegs á Faxaflóahafnarsvæðinu en þar var umfangið 4,8% af landsframleiðslu árið 2012. Þegar úthlutað aflamark útgerða á Austfjörðum er borið saman við úthlutað aflamark útgerða á Faxaflóahafnarsvæðinu kemur í ljós að útgerðir á Austfjörðum höfðu u.þ.b. 11% aflamarksins á meðan útgerðir á Faxaflóahafnarsvæðinu höfðu 17%.

Niðurstöður benda til þess að framleiðni í sjávarútvegi á Austfjörðum sé mikil en hún hefur vaxið um 20% að meðaltali á ári síðan 2005 og mun meira að meðaltali en í öðrum atvinnugreinum og í sjávarútvegi á landsvísu, framleiðni vinnuafls í fiskvinnslu á Austfjörðum er t.d. 25% meiri en í fiskvinnslu að meðaltali á landinu. Það má því fullyrða að verðmætasköpun sé mjög mikil í sjávarútveginum á Austfjörðum og sé hún undirstaða batnandi lífskjara þar undanfarin áratug. Laun á ársgrundvelli voru að meðaltali 7,8 milljónir í fiskvinnslu og 16,6 milljónir í fiskveiðum á Austfjörðum árið 2012 en nam á sama ári 7,2 milljónum í fiskvinnslu og 12,2 milljónum í fiskveiðum á landsvísu á meðan meðallaun á Íslandi voru 5,5 milljónir.


Sjávarútvegsfyrirtækin á Austfjörðum hafa undanfarin ár greitt að meðaltali 5,1% af þeim tekjuskatti sem lögaðilar greiða og var hlutfallið 8,9% árið 2012, í heild borguðu þau u.þ.b. 4,5 milljarða í opinber gjöld það ár.



Niðurstöður benda til þess að 3.400 til 4.700 starfa í hagkerfinu séu tilkomin vegna umfangs sjávarútvegs á Austfjörðum en þar af starfa einungis 618 beint við sjávarútveg. U.þ.b. 13% af störfum á Austfjörðum eru tilfallandi beint vegna sjávarútvegs á svæðinu og þykir líklegt að 40-45% starfa á svæðinu sé vegna umfangs sjávarútvegs þar.

Það reyndist mjög erfitt að meta hversu stór þáttur sjávarútvegur á Austfjörðum er í hagkerfi Austurlands vegna ónógra gagna. Samkvæmt gögnum frá Byggðastofnun þykir líklegt að sjávarútvegurinn á Austfjörðum hafi að meðaltali seinustu ár verið 24% af hagkerfi Austurlands og var hlutfallið orðið 37% árið 2012. Það ríkir mikil óvissa um þessar niðurstöður og ber því að taka þeim með miklum fyrirvara.

Á mynd 17 má sjá hvernig umfang sjávarútvegs á Austfjörðum hefur þróast síðan 2005. Eins og sjá má þá tók umfangið mikla dýfu árið 2009 vegna loðnubrests það ár. Síðan þá hefur umfang sjávarútvegs á svæðinu vaxið jafnt og þétt. Allar niðurstöður benda til þess að þessi þróun muni halda áfram næstu árin þar sem mikil uppbygging hefur verið á svæðinu. Þessi uppbygging síðustu ára hefur stuðlað að aukinni framleiðni og stendur sjávarútvegurinn á Austfjörðum nú á traustari grunni en áður.



Mynd 17. Umfang sjávarútvegs á Austfjörðum

Agnarsson, S og R. Árnason. (2007). The Role of the Fishing Industry in the Icelandic Economy. Í T Björndal, D.V. Gordan, R. Árnason og U:R: Sumaila (ritstj) *Advances in Fisheries Economics*. Blackwell, UK.

Ásgeir F. Heimisson (2013). Umfang sjávarútvegs á Faxaflóahafnarsvæðinu. Skýrsla unnin af Ásgeiri F. Heimisyni fyrir Faxaflóahafnir sf.

Linda B. Bryndísardóttir (2011). *Ekki er allt sem sýnist. Mat á þjóðhagslegri arðsemi íslensks sjávarútvegs*. BS ritgerð. Hagfræðideild HÍ.

Schreyer, P. (2001). *Measuring Productivity: Measurement of Aggregate and Industry-level Productivity Growth: OECD Manual*. Organisation for Economic Co-operation and Development.

Sveinn Agnarsson. (2011). Framleiðni í fiskveiðum 1973-2008. Erindi 15. Mars 2011 á málþingi áhugamanna um sjávarútvegsmál.

Árnason, R. (2003). On productivity and productivity growth in the Icelandic Fisheries. *Competitiveness within the Global Fisheries*. University of Akureyri. Akureyri.

Ragnar Árnason og Þór Sigfússon (2012). Þýðing sjávarklasans í íslensku efnahagslífi. Skýrsla unnin af Íslandsbanka.

Ragnar Árnason og Sveinn Agnarsson, (2006). Sjávarútvegurinn sem grunnatvinnuvegur á Íslandi. *Fjármálatíðindi* 52.2: 17-32.

Roy, N., Árnason, R., & Schrank, W.E. 2009. *The identification of economic base industries, with an application to the Newfoundland fishing*. Land Economics 85 (4):675-691

Nemendur í sjávarútvegsfræði. Háskólinn á Akureyri: www.veidigjald.com

Eskifjörður landaður afli

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlutfall af botnfiski:	3,14%	3,00%	2,80%	2,94%	1,66%	0,71%	0,42%	0,95%
Hlutfall af uppsjávarfiski:	14,16%	11,99%	10,12%	10,57%	10,11%	8,76%	8,12%	8,96%
Hlutfall af skel og krabba:	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Hlutfall af öðrum afla:	1,60%	1,45%	0,84%	1,62%	0,42%	0,84%	0,10%	0,35%
Hlutfall af afla landsins:	10,48%	8,34%	7,46%	7,56%	5,93%	5,08%	5,07%	6,39%
Hlutfall af þorskígildum landsins:	4,34%	3,54%	3,67%	4,13%	2,51%	2,32%	2,45%	3,14%
Botnsfiskafli:	15.912	15.281	13.342	13.796	7.771	3.002	1.694	3.961
Uppsjávarafli:	152.867	93.917	89.943	82.947	59.041	50.776	56.655	87.838
Skel og krabbi:	-	-	-	-	-	-	-	-
Annar afli:	246	206	141	444	298	450	40	93
Samtals afli:	169.025	109.404	103.427	97.187	67.111	54.228	58.389	91.892
Samtals þorskígildi:	20.438	16.381	19.278	18.152	9.240	9.088	10.435	13.983

Í þús. tonna

Heimild: Fiskistofa og eigin útreikningar

Fáskrúðsfjörður landaður afli

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlutfall af botnfiski:	0,92%	0,86%	0,54%	0,88%	0,98%	0,87%	0,80%	0,84%
Hlutfall af uppsjávarfiski:	5,12%	3,14%	3,17%	2,79%	2,74%	2,31%	1,91%	2,71%
Hlutfall af skel og krabba:	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Hlutfall af öðrum afla:	0,14%	0,22%	0,09%	0,09%	0,18%	0,18%	4,36%	2,46%
Hlutfall af afla landsins:	3,72%	2,21%	2,22%	2,03%	1,83%	1,61%	1,58%	2,13%
Hlutfall af þorskígildum landsins:	1,34%	0,97%	0,81%	1,07%	1,00%	1,10%	1,09%	1,35%
Botnsfiskafli:	4.684	4.389	2.549	4.138	4.613	3.679	3.240	3.502
Uppsjávarafli:	55.268	24.602	28.157	21.911	15.988	13.375	13.310	26.526
Skel og krabbi:	-	-	-	-	-	-	-	-
Annar afli:	22	31	15	25	129	95	1.668	659
Samtals afli:	59.974	29.022	30.721	26.075	20.730	17.148	18.218	30.687
Samtals þorskígildi:	6.299	4.493	4.267	4.699	3.697	4.302	4.650	5.988

Í þús. tonna

Heimild: Fiskistofa og eigin útreikningar

Mjófjörður landaður afli

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlutfall af botnfiski:	0,011%	0,006%	0,004%	0,0004%	0,005%	0,005%	0,012%	0,011%
Hlutfall af uppsjávarfiski:	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%
Hlutfall af skel og krabba:	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%
Hlutfall af öðrum afla:	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%	0,022%	0,011%	0,008%	0,026%
Hlutfall af afla landsins:	0,000%	0,000%	0,000%	0,0000%	0,000%	0,000%	0,004%	0,004%
Hlutfall af þorskígildum landsins:	0,010%	0,006%	0,003%	0,0003%	0,006%	0,004%	0,010%	0,009%
Botnsfiskafli:	57	33	21	2	25	23	47	45
Uppsjávarafli:	-	-	-	-	-	-	-	-
Skel og krabbi:	-	-	-	-	-	-	-	-
Annar afli:	-	-	-	-	16	6	3	7
Samtals afli:	0	0	0	0	0	0	50	52
Samtals þorskígildi:	47	27	17	1	23	17	41	42

Í þús. tonna

Heimild: Fiskistofa og eigin útreikningar

Neskaupstaður landaður afli

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlutfall af botnfiski:	2,13%	2,39%	2,22%	2,64%	2,42%	2,70%	2,72%	2,49%
Hlutfall af uppsjávarfiski:	16,09%	26,60%	20,97%	22,52%	28,88%	29,71%	21,93%	20,81%
Hlutfall af skel og krabba:	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Hlutfall af öðrum afla:	0,68%	1,34%	2,85%	2,39%	2,09%	1,38%	0,94%	0,98%
Hlutfall af afla landsins:	11,45%	16,83%	14,25%	14,76%	16,02%	17,27%	14,28%	14,94%
Hlutfall af þorskígildum landsins:	4,04%	6,17%	6,10%	6,22%	5,69%	8,01%	7,58%	8,30%
Botnsfiskafli:	10.819	12.180	10.586	12.391	11.365	11.487	10.992	10.427
Uppsjávarafli:	173.630	208.358	186.333	176.768	168.625	172.279	152.932	204.004
Skel og krabbi:	-	-	-	-	-	-	-	-
Annar afli:	105	191	480	656	1.496	737	36	263
Samtals afli:	184.554	220.729	197.399	189.815	181.486	184.503	164.284	214.694
Samtals þorskígildi:	19.060	28.561	32.005	27.319	20.943	31.334	32.372	36.916

Í þús. tonna

Heimild: Fiskistofa og eigin útreikningar

Reyðarfjörður landaður afli

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlutfall af botnfiski:	0,087%	0,111%	0,320%	0,019%	0,009%	0,003%	0,001%	0,003%
Hlutfall af uppsjávarfiski:	1,285%	0,125%	1,101%	0,546%	2,162%	3,338%	1,582%	1,495%
Hlutfall af skel og krabba:	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%	0,000%	0,591%	0,000%	0,000%
Hlutfall af öðrum afla:	0,020%	0,049%	0,061%	0,003%	0,000%	0,002%	0,000%	0,059%
Hlutfall af afla landsins:	0,888%	0,118%	0,817%	0,341%	1,118%	1,819%	0,959%	1,021%
Hlutfall af þorskígildum landsins:	0,265%	0,098%	0,429%	0,125%	0,214%	0,334%	0,389%	0,628%
Botnsfiskafli:	439	564	1.525	91	42	14	6	12
Uppsjávarafli:	13.867	977	9.784	4.287	12.621	19.358	11.033	14.650
Skel og krabbi:	-	-	-	-	-	61	-	-
Annar afli:	3	7	10	1	0	1	-	16
Samtals afli:	14.309	1.548	11.319	4.379	12.664	19.434	11.039	14.678
Samtals þorskígildi:	1.251	453	2.253	549	788	1.306	1.660	2.796

Í þús. tonna

Heimild: Fiskistofa og eigin útreikningar

Seyðisfjörður landaður afli

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlutfall af botnfiski:	1,61%	1,16%	1,25%	1,01%	1,06%	1,40%	1,14%	1,23%
Hlutfall af uppsjávarfiski:	9,60%	9,25%	7,82%	8,64%	5,17%	1,05%	4,44%	5,69%
Hlutfall af skel og krabba:	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Hlutfall af öðrum afla:	0,79%	0,99%	0,77%	0,18%	0,64%	0,35%	0,15%	0,59%
Hlutfall af afla landsins:	6,94%	5,98%	5,46%	5,65%	3,14%	1,14%	3,10%	4,25%
Hlutfall af þorskígildum landsins:	2,37%	2,05%	1,93%	2,31%	1,40%	1,25%	2,07%	2,22%
Botnsfiskafli:	8.154	5.901	5.971	4.736	4.959	5.936	4.624	5.129
Uppsjávarafli:	103.570	72.447	69.488	67.836	30.160	6.106	30.995	55.767
Skel og krabbi:	-	-	-	-	-	-	-	-
Annar afli:	121	141	130	48	461	185	56	158
Samtals afli:	111.846	78.489	75.589	72.620	35.580	12.228	35.675	61.053
Samtals þorskígildi:	11.182	9.509	10.121	10.168	5.154	4.906	8.829	9.888

Í þús. tonna

Heimild: Fiskistofa og eigin útreikningar

Stöðvarfjörður landaður afli

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlutfall af botnfiski:	0,35%	0,39%	0,32%	0,34%	0,67%	0,61%	0,87%	0,96%
Hlutfall af uppsjávarfiski:	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,000003%	0,00%
Hlutfall af skel og krabba:	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Hlutfall af öðrum afla:	0,03%	0,03%	0,04%	0,10%	0,13%	0,52%	0,12%	0,22%
Hlutfall af afla landsins:	0,11%	0,15%	0,11%	0,13%	0,28%	0,27%	0,31%	0,28%
Hlutfall af þorskígildum landsins:	0,26%	0,30%	0,22%	0,37%	0,61%	0,52%	0,68%	0,74%
Botnsfiskafli:	1.765	1.972	1.515	1.606	3.124	2.598	3.508	4.014
Uppsjávarafli:	-	-	-	-	-	-	0	-
Skel og krabbi:	-	-	-	-	-	-	-	-
Annar afli:	4	4	7	27	92	276	48	59
Samtals afli:	1.769	1.977	1.523	1.633	3.216	2.874	3.556	4.073
Samtals þorskígildi:	1.237	1.397	1.133	1.633	2.259	2.017	2.888	3.312

Í þús. tonna

Heimild: Fiskistofa og eigin útreikningar

Vopnafjörður landaður afli

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlutfall af botnfiski:	0,55%	0,35%	0,19%	0,21%	0,17%	0,18%	0,18%	0,12%
Hlutfall af uppsjávarfiski:	9,53%	9,56%	10,29%	10,51%	11,38%	11,34%	10,89%	11,29%
Hlutfall af skel og krabba:	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Hlutfall af öðrum afla:	0,36%	0,25%	0,04%	0,02%	1,48%	0,12%	0,12%	0,34%
Hlutfall af afla landsins:	6,56%	5,85%	6,67%	6,49%	6,03%	6,24%	6,67%	7,74%
Hlutfall af þorskígildum landsins:	1,91%	1,58%	2,23%	2,15%	1,52%	2,39%	2,90%	3,35%
Botnsfiskafli:	2.789	1.797	883	986	788	779	736	496
Uppsjávarafli:	102.858	74.890	91.457	82.496	66.422	65.770	75.987	110.638
Skel og krabbi:	-	-	-	-	-	-	-	-
Annar afli:	56	35	6	5	1.061	63	44	91
Samtals afli:	105.703	76.722	92.346	83.487	68.271	66.612	76.767	111.225
Samtals þorskígildi:	9.001	7.321	11.702	9.449	5.590	9.336	12.392	14.905

Í þús. tonna

Heimild: Fiskistofa og eigin útreikningar

Faxaflóahafnir landaður afli

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlutfall af botnfiski:	16,14%	17,27%	19,36%	19,19%	19,33%	19,86%	20,21%	18,48%
Hlutfall af uppsjávarfiski:	5,39%	5,19%	7,03%	3,95%	2,31%	5,39%	8,04%	6,79%
Hlutfall af skel og krabba:	0,00%	0,00%	0,22%	0,02%	1,67%	8,98%	3,56%	5,35%
Hlutfall af öðrum afla:	13,18%	14,99%	12,85%	20,87%	24,64%	35,31%	27,51%	33,41%
Hlutfall af afla landsins:	8,81%	9,97%	11,35%	9,86%	10,77%	12,67%	12,92%	10,67%
Hlutfall af þorskígildum landsins:	11,49%	12,94%	14,04%	14,19%	15,43%	16,97%	18,63%	17,10%
Botnsfiskafli:	81.810	87.902	92.161	90.022	90.724	84.357	81.710	77.267
Uppsjávarafli:	58.149	40.647	62.850	31.018	13.478	31.236	56.090	66.487
Skel og krabbi:	-	-	9	1	133	926	380	665
Annar afli:	2.031	2.074	2.166	5.722	17.665	18.835	10.529	8.953
Samtals afli:	141.990	130.623	157.186	126.763	122.000	135.354	148.709	153.372
Samtals þorskígildi:	54.164	59.908	73.656	64.567	56.808	66.394	79.531	76.100

Í þús. tonna

Heimild: Fiskistofa og eigin útreikningar

Vestmannaeyjar landaður afli

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hlutfall af botnfiski:	7,43%	8,37%	7,90%	8,81%	9,29%	8,34%	8,25%	8,40%
Hlutfall af uppsjávarfiski:	13,55%	16,80%	16,96%	16,42%	14,31%	17,99%	21,01%	19,46%
Hlutfall af skel og krabba:	3,52%	6,99%	10,42%	9,69%	5,42%	6,16%	5,70%	3,91%
Hlutfall af öðrum afla:	12,96%	16,98%	5,05%	4,76%	32,29%	17,98%	22,85%	7,66%
Hlutfall af afla landsins:	11,55%	13,50%	13,69%	13,37%	13,30%	14,04%	16,44%	15,89%
Hlutfall af þorskígildum landsins:	6,95%	8,51%	8,53%	9,40%	9,35%	9,98%	11,85%	11,70%
Botnsfiskafli:	37.635	42.600	37.595	41.345	43.597	35.427	33.373	35.102
Uppsjávarafli:	146.246	131.626	150.740	128.861	83.517	104.338	146.514	190.725
Skel og krabbi:	376	344	420	413	433	635	609	486
Annar afli:	1.997	2.417	852	1.304	23.148	9.589	8.744	2.054
Samtals afli:	186.254	176.987	190	171.923	150.695	149.989	189.240	228.367
Samtals þorskígildi:	32.781	39.401	44.739	41.316	34.422	39.024	50.562	52.045

Í þús. tonna

Heimild: Fiskistofa og eigin útreikningar

Talnagögn eru af heimsíðum Hagstofunnar og Fiskistofu, en að auki úr ársreikningum nokkurra fyrirtækja.

Tölur um landsframleiðslu eru á síðu Hagstofunnar um þjóðhagsreikninga

<http://hagstofa.is/Hagtolur/Thjodhagsreikningar/Thjodhagsreikningar>

Tölur um framlag sjávarútvegs á síðu Hagstofunnar um framleiðsluuppgjör atvinnuvega

<http://hagstofa.is/Hagtolur/Thjodhagsreikningar/Framleidsluuppgjor>

Tölur um aðföng sjávarútvegsins á síðu Hagstofunnar um sjávarútveg.

<http://hagstofa.is/Hagtolur/Sjavarutvegur-og-landbunadur/Afkoma>

Aflatölur eru á síðu Fiskistofu um aflaupplýsingar

<http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaupplysingar/heildaraflamarksstada/>

Aflatölur eftir höfnum eru á síðu Fiskistofu um aflaupplýsingar

<http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaupplysingar/bradabirgdatolur/>

Tölur um aflamark fyrirtækja eru á síðu Fiskistofu um afastöðu

<http://www.fiskistofa.is/veidar/aflastada/fyrirtaekimorgskip/>